

Mánudaginn 6. febrúar 1950.

Nr. 132/1949. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)  
 gegn

**Hannes Þorbergssyni** (Sigurgeir Sigurjónsson).  
 Setudómari próf. **Ólafur Lárusson**  
 í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Snorri Árnason, fulltrúi sýslumannsins í Árnassýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði lækkaði eigi ljós bifreiðarinnar og vék ekki til vinstri, er bifreiðin X 208 kom á móti honum. Varðar brot hans því við 2. mgr. 7. gr. og 3. og 4. mgr. 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsíákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 20 daga.

Þar sem ákærði var ofurölvi við stjórn bifreiðarinnar og akstur hans mjög háskalegur, ber að svipta hann ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

### Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þorbergsson, sæti varðhaldi 20 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur lögregluréttar Árnassýslu 10. ágúst 1949.

Mál þetta er höfðað gegn Hannesi Þorbergssyni bifvélavirkja, til heimilis að Sandprýði á Eyrarbakka, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941 til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og málskostnaðargreiðslu.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Viðey 5. nóv. 1919. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1943 4/1 Hafnarfj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1943 14/10 Hafnarfj. Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögnum.

1944 14/2 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1944 26/10 Hafnarfj. Sátt: 35 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Hinn 23. okt. s. l. gekk kærði að störfum á Bifreiðaverkstæði Eyrarbakka. Um klukkan 4 e. h. kveðst hann hafa farið að vinna við bifreið föður síns, X 290, og um sama leyti farið að dreypa á brennivínsflösku, sem hann átti fulla. Er hann hafði lokið að gera við bifreiðina og klukkan var orðin 10—11, að því er hann hyggur, datt honum í hug að reyna hana og ók henni því út af verkstæðinu. Eftir það telur hann allt mjög óljóst fyrir sér, því svifið hafi á sig, og kveðst hann ekki hafa rankað við sér fyrr en um nóttina, er hann sat inni hjá læknum á Selfossi. Úr flöskunni hafði hann lokið og telur sig ekki muna til þess að hafa veitt öðrum af henni með sér.

Vitnið Gísli Guðmundsson var þetta kvöld á dansleik á Eyrarbakka. Er hann kom af dansleiknum, hitti hann kærða, er var þar í bifreiðinni, og bauð honum upp í hana. Óku þeir síðan fram á stúlku, tóku hana upp í bifreiðina og héldu síðan til Selfoss, þar sem þeir hugðust að komast á dansleik. Er þangað kom, var dansleiknum lokið. Vildi þá kærði halda áfram upp um sveitir, en farþegarnir færðust undan því, og varð það úr, að hann skildi við þá við Mjólakurbú Flóamanna, en ók sjálfur áfram.

Vitnið telur kærða hafa verið góðglaðan, þegar það hitti hann, en þegar að Selfossi kom, hafi eins og svifið á hann; hafi hann verið orðinn nokkuð mikið ölvaður, er það fór úr bifreiðinni.

Vitnið Erlendur Þórðarson var þessa nótt á dansleik að Brautarholti á Skeiðum. Kveðst það hafa farið þaðan kl. rúmlega 2 á bifreið sinni X 208. Er vitnið var komið á móts við Hraungerðisafleggjarann, kom bifreið á móti því vestan veginn. Var þarna kominn kærði á bifreiðinni X 290 og ók nú á bifreið vitnisins með þeim afleiðingum, að hún snerist þvert á veginum og afturhjólin út af honum. Bifreiðin X 290 lenti út af veginum og stöðvaðist þar á hliðinni.

Vitnið kveður, að færi hafi verið ágætt og vegurinn auður. Samkvæmt mælingu er vegurinn þarna 5.4 metra breiður, beinn og hallalaus.

Vitnið telur, að kærði hafi ekið á móti sér með hærri ljósum og ekki lækkað ljós sín, þótt það gæfi honum merki þar um. Kveðst vitnið því hafa séð illa út, en þó getað fylgzt með vegkantinum og ekið sem næst honum. Það staðfestir og vitnið Ólafur Ólafsson, sem var farþegi í bifreið vitnisins, að bifreið þess hafi verið á vegkantinum, og að kærði hafi ekið eftir miðjum veginum án þess að víkja.

Við áreksturinn skemmdust báðar bifreiðarnar mjög mikið, en meiðsli á mönnum urðu ekki veruleg.

Með akstri sínum í umrætt skipti hefur kærði gerzt brotlegur við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða rétti til þess að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaut, og dráttur sá, sem á því er orðinn, stafar af annriki við embættið.

#### Dómsorð:

Kærði, Hannes Þorbergsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 6. febrúar 1950.

Nr. 144/1949. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

**Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted**

(Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

#### Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að varðhald 10 daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.